

## REGLUGERÐ

138

1. des.

### um heimilishjálp í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Gnúpverjahreppi. Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar er í höndum þriggja manna nefndar, sem er þannig skipuð, að stjórn sjúkrasamlags Gnúpverja kýs einn manninn, stjórn kvenfélags Gnúpverja einn og hreppsnefnd Gnúpverjahrepps einn. Varanmenn skulu kosnir á sama hátt. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og hreppsnefndar.

Nefndin á rétt á að sitja fundi hreppsnefndarinnar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu, og hafa nefndarmenn þar málfrelsi og tillögurétt.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem nefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi, sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, sé þess kostur.

#### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar. Nefndinni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpinu stunda á vegum stofnunarinnar, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

#### 4. gr.

Sveitarsjóður Gnúpverjahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

#### 5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpar að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðunefndarinnar.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálpar skal greitt eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur og ráðherra staðfestir. Hreppsnefndin setur og reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

#### 7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

#### 8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpar, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpar og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en  $\frac{2}{3}$  úr sveitarsjóði Gnúpverjahrepps.

- 138** Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur samið og samþykkt  
1. des. staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í við-  
lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. desember 1955.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*

- 139**  
8. des.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn einstefnu-  
akstur um eftirtaldar götur, sem hér segir:

*Samtún frá vestri til austurs.  
Skúlatún frá norðri til suðurs.*

Þetta tilkynnist hér með öllum, er hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. desember 1955.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

- 140**  
16. des.

## AUGLÝSING

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1956.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 77/1955 til þess að innheimta  
skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum  
með 20% álagi árið 1956.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar  
á íslenskum kvikmyndum, eru undanþegnar álaginu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 16. desember 1955.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*